

Setning rannsóknaráðstefnunnar 2019

Bergþóra Þorkelsdóttir, forstjóri Vegagerðarinnar

Rannsóknaráðstefna Vegagerðarinnar sem nú er haldin í 18.sinn. Ráðstefnan hefur skapað sér sérstöðu í ráðstefnuhaldi hér á landi enda fáar ráðstefnur sem bjóða upp á jafn fjölbreytileg umfjöllunarefni. Ætíð kennir margra grasa á ráðstefnunni enda tekin fyrir um 20 rannsóknarverkefni hverju sinni.

Styrkur rannsóknarsjóðs Vegagerðarinnar hefur legið í því að styrkja verkefni á mjög breiðu fræðasviði þar sem ekki er endilega einblínt á hefðbundna vegagerð. Verkefni falla þó undir fjóra almenna flokka en þeir eru : mannvirki, umferði, umhverfi og samfélag. Af þessari upptalningu má sjá að hægt er að sækja um nánast hvaða rannsóknarverkefni sem er. Það hefur leitt til þessa mikla fjölbreytileika. Segja má að afrakstur verkefna rannsóknarsjóðs sé annar stóri þátturinn í endurmenntun og nýsköpun stofunarinnar meðan hinn er fjölþætt erlend samvinna.

Líkt og sjá má á dagskránni sem þið hafið fyrir framan ykkur þá eru verkefni í ár af ýmsum toga, hvort sem það er nú malarvegur sem verður að vegi með bundnu slitlagi, umhverfisvæn brúarsteypa eða úttekt á skilvirkni almennasamgangna á landsbyggðinni með samþættingu flutninga á farmi og fólki, svo einhver dæmi séu tekin.

Ráðstefnan hefur alla jafna verið fjölsótt af starfsmönnum Vegagerðarinnar, starfsmönnum ráðgjafa- og verkfræðistofa, verktaka og almennra áhugamanna um samgöngur og rannsóknir. Staðahæfa má að þar fái allir áheyrendur eitthvað við sitt hæfi þó ekki sé hægt að gera þær kröfur að allir fyrirlestrar höfði til allra. En samt – jafnvel það sem maður hefði ekki haldið fyrirfram að væri áhugavert reynist svo kannski það áhugaverðasta af öllu. Þannig getur þessi ráðstefna um rannsóknarverkefni komið áhorfendum skemmtilega á óvart og gerir það jafnt og þétt.

Síðastliðin mörg ár hefur Þórir Ingason forstöðumaður rannsókna hjá Vegagerðinni stýrt sinni deild og ráðstefnunni af einurð, nákvæmni og staðfestum áhuga. En nú er svo komið að Þórir hyggst láta af störfum og sinna sínum hugðarefnum, þetta er því síðasta ráðstefnan sem hann undirbýr af sinni kunnu kostgæfni. Það er því rétt að þakka honum kærlega fyrir hans hlut í því að gera rannsóknum Vegagerðarinnar hátt undir höfði og tryggja stöðugan og góðan framgang þessarar ráðstefnu. Að þessum orðum sögðum segi ég 18. rannsóknaráðstefnu Vegagerðarinnar setta.